

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi – Naustatangi 2, Akureyri.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar hefur þann 8. júlí 2020 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir lóðina Naustatanga 2.

Breytingin felur í sér að afmarkaður er byggingareitur fyrir tengibyggingu milli húsa á lóðum Naustatanga 2 og Hjalteyrargötu 22.

Breyting á deiliskipulagi Hagahverfis, Kjarnagata 51/Elisabetarhagi 1, Akureyri.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar hefur þann 8. júlí 2020 samþykkt deiliskipulagsbreytingu sem nær til lóðarinnar Kjarnagötu 51 í Hagahverfi.

Breytingin felur í sér að stærð lóðarhluta bílgeymslu breytist lítillega og það sama á við um lóðarhluta húss með staðfangið Kjarnagata 51. Þá verður hús með staðfangið Elisabetarhagi 1 án stöllum og breytast hæðarkótar í vestur- og austurhluta lóðarhlutans auk þess sem bætt er við kjallara fyrir geymslur og sameign. Hámarksvegg hæð verður óbreytt.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 10. júlí 2020,

Pétur Ingi Haraldsson,
sviðsstjóri skipulagssviðs.